

ÁBENDING FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN

KAUP FASTEIGNA RÍKISSJÓÐS Á MÁLNINGARVINNU

19. ÁGÚST 2010

Inngangur

Í árslok 2009 hóf Ríkisendurskoðun úttekt á kaupum ráðuneyta og stofnana á vörum og þjónustu. Þegar hafa verið birtar fjórar opinberar áfangaskýrslur um niðurstöður úttektarinnar. Í einni þeirra, *Viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja*, var m.a. fjallað um innkaup Fasteigna ríkissjóðs (FR). Ekki voru gerðar athugasemdir við einstök viðskipti stofnunarinnar en hins vegar taldi Ríkisendurskoðun að val birgja væri of oft rökstutt með vísan til þess að á viðkomandi landssvæði væri aðeins einn aðili fær um að veita þá þjónustu sem þörf væri á.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup skal kaupandi ávallt gæta hagkvæmni og gera samanburð meðal sem flestra fyrirtækja ef innkaup eru undir viðmiðunarfjárhæðum útboðsskyldu (6,2 m.kr. fyrir vörukaup og 12,4 m.kr. fyrir þjónustukaup). Jafnan skal gera slíkan samanburð bréflaga eða með rafrænni aðferð.

Í kjölfar útkomu fyrrgreindrar skýrslu kallaði Ríkisendurskoðun eftir nánari upplýsingum frá FR, m.a. lista yfir alla verktaka sem vinna fyrir FR. Setja verður vissan fyrirvara við listann þar sem hann hefur myndast á síðustu mánuðum í tengslum við nýtt verkþókhaldskerfi FR og er því ekki nákvæm söguleg heimild um alla verktaka sem unnið hafa fyrir FR á undanförunum árum. Við skoðun á listanum og samkeyrslu við bókhaldskerfi ríkisins kom í ljós að kaup FR á málningarvinnu á Akureyri og Laugum í Reykjadal á árunum 2007–2009 einskorðuðust við einn birgja.

Viðskipti FR við Björn málara ehf.

Heildarviðskipti FR við Björn málara ehf. á Akureyri á tímabilinu námu 37,9 m.kr. Á lista FR er aðeins að finna einn annan málara á Akureyri, en viðskipti við hann hafa engin verið á undanförunum árum. Við lauslega athugun fann Ríkisendurskoðun 11 málningarfyrirtæki með starfsstöð á Akureyri. Töluverður hluti viðskiptanna við Björn málara ehf. var vegna málningarvinnu á Laugum í Reykjadal. Stærstur hluti var hins vegar vegna verkefna á Akureyri.

Í skýringum FR vegna þessa kemur fram að Björn málari ehf. hafi einbeitt sér að viðhaldsverkefnum, ávallt verið til reiðu og sett FR í forgang. Viðskipti við fyrirtækið hafi verið farsæl og tímagjald og efnisafslættir afar hagstæð. Þá segir

að fyrirtækið hafi á að skipa vandvirkum og samviskusömum iðnaðarmönnum auk þess að vera vel tækjum búíð. Loks segir að forstöðumenn stofnana og umsjónarmenn fasteigna hafa sóst eftir þjónustu fyrirtækisins.

Málningarvinna á Norðurlandi eystra árið 2010

Samkvæmt upplýsingum frá FR er gert ráð fyrir að sex málningarverkefni verði unnin á Norðurlandi eystra á árinu 2010: fjögur á Akureyri, eitt á Laugum og eitt á Húsavík. Heildarkostnaður vegna þessara verkefna er áætlaður um 8 m.kr. Nú þegar hefur verið samið um fimm þessara verkefna.

- **Húsavík:** Óskað eftir tilboðum frá Tóninum ehf. og Fagmálum ehf. á Húsavík. Samið við Fagmál ehf. sem voru með lægra tilboð.
- **Laugar:** Óskað eftir tilboðum frá Fagmálum ehf. og Birni málara ehf. Samið við Fagmál ehf. sem voru með lægra tilboð. Fagmál ehf. hafa farið fram á leiðréttingar á tilboði vegna þess að verkið sé mun umfangsmeira en lýst var.
- **Akureyri:** Samið við Björn málara ehf. um þrjú verk án þess að leitað hafi verið tilboða frá öðrum aðilum.

FR þurfa að virða ákvæði laga um opinber innkaup

Ríkisendurskoðun efast ekki um ágæti Björns málara ehf. en telur viðskipti FR við fyrirtækið fara í bága við ákvæði 22. gr. laga um opinber innkaup. FR leituðu einungis til Björns málara ehf. vegna þriggja málningarverkefna á Akureyri árið 2010 og því ljóst að skyldu um verðsamanburð var ekki sinnt. Þá vekur athygli að þegar leitað var eftir verðtilboðum frá Birni málara ehf. og Fagmálum ehf. vegna verkefnis á Laugum var tilboð fyrrnefnda fyrirtækisins 45% yfir því sem tekið var.

RÍKISENDURSKOÐUN TELUR AÐ FASTEIGNIR RÍKISSJÓÐS ÞURFI AÐ ENDURSKOÐA VERKLAG SITT VIÐ INNKAUP MEÐ ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ GÆTA JAFNRÆÐIS MILLI FYRIRTÆKJA. EINNIG TELUR STOFNUNIN AÐ RÍKISKAUP EIGI AÐ GERA RAMMASAMNING VIÐ VERKTAKA Í IÐNAÐI UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS, SAMBÆRILEGAN ÞEIM SEM NÚ ER UNNIÐ AÐ VIÐ VERKTAKA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.



RÍKISENDURSKOÐUN